


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Sambýkkt: SHJ		
Síða 1 af 2	<b>Iðnteikning háriðna ITEI1GB05A</b>	
	<b>Námsáætlun haust 2019</b>	

Kennari: Björg Eiríksdóttir, BJE, bjorg@vma.is Viðtalstími: Samkvæmt samkomulagi

### Áfangalýsing

Nemandinn kynnist grunnþáttum í teikni-, lita- og formfræði. Nemandinn teiknar verkefni með mismunandi blýjum og aðferðum, ásamt því að teikna andlit og hárgreiðslur sem byggja á reglu gullinsniðs. Litafræði lttens kynnt og gerður samanburður við litastjörnu í hári og verkefni unnin sem tengjast bæði litafræði og hársnyrtinámi. Formfræði skoðuð og sett í samhengi við klippingar og greiðslur. Nemandinn þjálfaður í efnis-, upplýsinga- og heimildaöflun, auk varðveislu gagna. Lagður grunnur að námsbók sem sýnir verkefnavinnu og námsframfarir nemanda.

#### Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mismunandi blýjum og teikniaðferðum
- fjarvið og skyggingum
- gullinsniði
- litafræði lttens
- grunnformum
- mismunandi leiðum og nálgun á heimildaleit og varðveislu gagna
- námsbók

#### Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- þekkja eiginleika mismunandi blýja
- skyggja og ná fram fjarvið í teikningu samkvæmt fyrirmynd
- nota gullinsniðs regluna í teikningu og formfræði
- leita að og varðveita gögn og heimildir hvort sem er á veraldarvefnum eða með hugmyndabók
- safna gögnum og setja upp í námsbók

#### Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skynja og sjá tengsl milli þess sem hann sér sem fyrirmynd og verkefna sem unnin eru
- ná fram áhrifum, formútfærslum og formgerðum ásamt áferðum fyrirmynda í verkefnum með mismunandi aðferðum
- geta valið sér ákjósanlega leið í varðveislu gagna og framsetningu á efni, bæði á rafrænu og ápreifanlegu forni



### Námsgögn


**Mappa** - stærð A3 (20 plastumslög)

**Blýantar** - mismunandi mykt, t.d. HB, 2B og 4B

**Filtþennar** - svartir, mismunandi sverleiki, t.d. 0.3, 0.6 og merkipenni

**Annað** - strokleður, hnoðleður, pappírsvöndull, yddari, skæri og límstifti

**Vefsíður, bækur, tímarit, ljósrit**

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Síða 2 af 2		
<b>Iðnteikning háriðna ITE1GB05A</b>		
<b>Námsáætlun haust 2019</b>		

**Verkefni** – Unnin samtvinnað alla önnina, ólík efni og aðferðir.

**Teikning** - Áhersla á grunnform, höfuð og hár.

**Formfræði** - Athugað hvernig eðli myndar breytist eftir því hvernig línur og form eru notuð og tengt við hár. Unnið með spennu, hreyfingu, takt, jafnvægi og mynstur.

**Litafræði** - Litablöndun þjálfuð og litahringur gerður. Unnið með birtu, hitastig, hreinleika, metnun og andstæður.

**Hönnun hárgreiðslu** - Nemendur afla sér hugmynda, hanna og setja fram eigin hárgreiðslu.



Leonardo Da Vinci 1505-8, *Head of a Lady*, krit og blek.

*Mikilvægt að vinna öll verkefni og skila vel upp settum í möppu í lok annar*

<b>Matsform:</b>	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
<b>Námsmatsþættir</b>	<b>Lýsing námsmatsþátta</b>	<b>Vægi</b>	
<b>Teikning</b>	Notkun grunnreglna, vald á efnum og aðferðum	15%	
<b>Formfræði</b>	Notkun grunnreglna, vald á efnum og aðferðum	15%	
<b>Litafræði</b>	Notkun grunnreglna, vald á efnum og aðferðum	15%	
<b>Hönnun hárgreiðslu</b>	Sjálfstæð rannsókn, notkun á teikningu, litum og formi	5%	
<b>Mappa</b>	Sjónræn uppsetning og frágangur	5%	
<b>Vinnuferli</b>	Opinn hugur, leitar nýrra leiða	15%	
	Nýting fyrirmynda, vinna úr upplýsingum	15%	
	Ígrundun, skoðun á verkum og nýting í næstu skref	15%	
<b>Annað:</b> Þættirnir eru metnir stöðugt á önninni og í lok annar með leiðsagnarmati, sjálfsmati og kennaramati			


**Símar eru velkomnir til náms**


**Skil á möppum 5. desember**

**Opið hús 5. desember kl. 20-21:30**

Gangi ykkur vel

Með fyrirvara um breytingar

20.08/19  
  
 Undirritun kennara

  
 Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils

Gæðahandbók 09: Námsáætlanir

Prent. dags.: 16/08/2019